

24. Aðalfundur hverfisnefndar Giljahverfis

Giljaskóli, 16. Mars 2017 kl. 20:00

Formaður setti fundinn og bauð fundargesti velkomna sem taldi 15 íbúa og þrjá úr stjórn. Finnur Víkingsson, formaður, Hafþór Jörundsson og Elín Eyjólfsd. Fjarverandi stjórnarmeðlimir voru Eva Hlín Dereksdóttir og Finnur Aðalbjörnsson. Formaður tilnefndi Hafþór Jörundsson sem fundarstjóra sem var samþykkt.

1. Skýrsla formanns

Formaður fór yfir hvað sé búið að gera fyrir afmælispeninga sem hverfisnefnd fékk til ráðstöfunar frá bænum frá árinu 2013 – 2016 vegna 150 ára afmæli bæjarins. Ráðstöfunarfé voru tvær milljónir á ári í fimm ár frá árinu 2013, það var skorið niður í 1,5 milljón árið 2016 en verður hækkað aftur upp í tvær milljónir fyrir árið 2017.

Formaður sagði frá baráttunni við bæjarkerfið og greinilegt að bærinn var illa í stakk búinn til að takast á við framkvæmdir sem hverfisnefndir lögðu til.

Árið 2013 var farið í jarðvegsskipti milli F og V gilja fyrir leiksvæði.

Árið 2014 var leiksvæði sett upp milli F og V gilja og ljóskastari settur upp við Vættagilsbrekkuna.

Árið 2015 var brettavöllur settur við Giljaskóla.

Árið 2016 var aðalfundur ekki haldinn þar sem ekki lá ljóst fyrir hvaða fjármagn hverfisnefndin hafði til umráða. Seinni hluta árs lá það fyrir eftir mikið karp og fengu nemendur styrk til að smíða aukahlut við brettavöllinn. Regluskilti sett upp við brettavöllinn. Göngustígar kláraðir milli F og V gilja og ljós keypt fyrir brettavöll og fótboltavöll sem á eftir að setja upp. Hausthátíð haldin í samstarfi við foreldrafélag Giljaskóla og stefnt að því að það verði árlegur viðburður á Akureyrarvöku.

2. Hlutverk hverfisnefndar

Farið var yfir með fundargestum hvert hlutverk hverfisnefndar sé sem má finna á heimasíðu Akureyrarbæjar undir stjórnkerfi. Hverfisnefndin er með facebook síðu sem heitir Giljahverfi – hverfisnefnd. Mikilvægt að heyra raddir fólks í hverfinu.

3. Kosning nýrrar stjórnar

Fundarstjóri óskaði eftir framboðum í hverfisnefnd. Nefndin þarf að telja fimm í stjórn og tvo varamenn. Fjórir úr sitjandi stjórn buðu sig fram og Finnur Aðalbjörnsson óskaði eftir að víkja. Tvö framboð komu fram á fundi, Hjálmar Pálsson (hjalmarp@flugfelag.is) og Lilja Gísladóttir (liljag@postur.is).

Ný stjórn: Finnur Víkingsson, Hafþór Jörundsson, Eva Hlín Dereksdóttir, Elín Eyjólfsdóttir og Hjálmar Pálsson. Varamaður er Lilja Gísladóttir. Munu þessir fulltrúar skipta með sér verkum á sínum fyrsta fundi.

4. Ingibjörg Ólöf Isaksen, bæjarfulltrúi og formaður umhverfis og mannvirkjaráðs

Ingibjörg Ólöf lýsti yfir hve leitt henni þætti að heyra frá formanni um þennan barning við bæjarkerfið. Óskaði eftir að vera í cc í tölvupóstum sem yrði framvegis sendur. Hún fór svo yfir hverjar áætlaðar framkvæmdir væru í hverfinu.

Það á að leggja stíg í samstarfi við Norðurorku frá Vættagili upp að Hlíðarfjallsvegi.

Það á að setja kant á stíga milli F og V gilja.

Það á að bæta lýsingu á gangbrautarstíga, einn staur á ári í hvert hverfi.

Það á að setja felliveggi í skólastofur Giljaskóla.

Það á að stækka anddyri í íþróttahúsi við Giljaskóla.

Það er búið að koma á nýju leiðakerfi SVA.

Það er verið að vinna eftir nýju skipulagi varðandi snjómokstur. Gangstígar í kringum skóla og íþróttamannvirki eru í forgangi.

Það á að endurnýja gúmmíkurl á fótboltavelli við Giljaskóla árið 2018 - 19

Fundargestum gafst tækifæri til að varpa fram spurningum til Ingibjargar

- Er verið að vinna í að gera hjólastíga ?
Svar: Það er verið að leggja hjólastíga jafnóðum í nýjum hverfum en það þyrfti líka að hlúa að þeim eldri svo það væri gott að fá ábendingar um hvar væri gott að fá pá.
- Er verið að útrýma hlussu kantsteinum sem erfitt er fyrir hjól að fara yfir?
Svar: Það er ekki verið að eyða út stórum kantsteinum.
- Er eitthvað verið að gera varðandi Kerfilinn?
Svar: Hvað kerfilinn varðar þá er hún erfið planta þar sem hægt er að eittra fyrir henni tvær vikur á ári. Sýnist þetta vera endalaus barátta en ekki megi gefast upp.
- Er verið að bæta við fleiri rusladöllum?
Svar: Rusladöllum er verið að vinna í að fjölga.

- Verður farið í að sópa götur fljótlega?
Svar: Sópun hefur verið framkvæmd á vorin og á haustin en það gæti verið að farið yrði fyrr af stað út af góðu tíðarfari.
- Hve mikið salt er borið á göturnar?
Svar: Það er einungis blandað 7% salti í sandinn sem er bara dreift á þær leiðir sem eru erfiðar fyrir strætó.
- Hvernig var nýja strætókerfið ákveðið?
Svar: Þegar leiðakerfið var ákveðið fyrir strætó var horft til íþróttamannvirkja, stærri vinnustaða ofl. Starfsmaður umhverfismiðstöðvar er að skoða athugasemdir sem bárust úr nýlegri könnun þar sem bæjarbúar voru spurðir út í leiðakerfið, snjómokstur ofl. Enn má koma með athugasemdir því ekki er búið að fastmóta leiðakerfið. Fundargestur óskaði sérstaklega eftir að það mætti endurskoða tímaáætlun frá SAK. Eins og kerfið er fer strætó þaðan á klst. fresti, korter fyrir heila tímann, mætti fara á hálf tíma fresti.
- Er plan hjá grenndargámum við spennustöðina langtímastæði? Mikið samsafn af drasli er þar, bílar, vagnar ofl. gera eitthvað í því?
Svar: Plan hjá gámum er hugsað sem skammtímastæði fyrir stóra bíla sem á ekki að leggja inn í hverfum. Ingibjörg skoðar að skilti verði sett upp.
- Er ekki hægt að endurskoða hvort það sé ekki hægt að taka oftari garðúrgang af plani á gámasvæðinu við Réttarhvammi eða láta fólk losa á annan stað? Mikil ólykt berst yfir hverfið í smá sunnan vindi því malbik undir úrgangi hitnar mjög mikið.
Svar: Ingibjörg skoðar hvort það sé til önnur lausn varðandi losun á garðúrgangi.

5. Tillögur að umbótum

Umræða var tekin við fundargesti hvað væri ábótavant í hverfinu okkar.

Sikk sakk hlið vantar á göngustíg fyrir neðan Dvergagil og á göngustíg fyrir neðan Snægil
Illa upplýstar gangbrautir

Það vantar lýsingu á stíga milli F og V gilja.

Hljóðmúr fyrir neðan Skessugil er of hár við nýja hringtorgið.

Kerfillinn er vandamál sem má ekki gefast upp á.

Hjólastíga vantar.

Endurnýja körfuboltavöll hjá Giljaskóla svo hægt sé að spila allan ársins hring.

Lækkaður hraði eða þrengingar settar í Merkigilinu, á sínum tíma var það ekki hægt þar sem um strætóleið er að ræða. Mikilvægt að halda áfram pressu að koma Merkigilinu í 30 km götu.

Hreystivöllur, það er mjög dýrt í framkvæmt en það er vitað að það er inn á langtímaáætlun íþróttaráðsins og koma upp einum velli á Akureyri. Hverfisnefnd ætti að senda á skólaráð og íþróttaráð formlega beiðni um að reisa slíkan völl við íþróttahúsið.

Vöflukaffi var í umsjón 10. Bekkjar í Giljaskóla og var vel að verki staðið.

Fundi slitið kl. 21:30

Fundarritari, Elín Eyjólfsdóttir